

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6,
845 Flúðum

Garðabær, 21. nóvember 2025
202510-0124/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016–2032 - Jaðar 1 L166785 - Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 30. október sl. vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016–2032 og nýtt deiliskipulag fyrir svæði austan við Gullfoss í landi Jaðars 1.

Í skipulagslýsingu kemur fram að óskað sé eftir að breyta um 2,5 ha svæði úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði, samhliða gerð deiliskipulags, til að mæta vaxandi aðsókn ferðamanna að austurbakka Gullfoss og bæta aðstöðu og öryggi gesta. Lýsingin gerir grein fyrir aukinni umferð ferðamanna, þörf á stýringu og áhættu sem skapast vegna óskipulagðra slóða og varasams bakka við Hvítárgljúfur.

Umhverfisskýrsla

Í skipulagslýsingu er ekki fjallað sérstaklega um gerð umhverfisskýrslu í samræmi við 4.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá er ekki gerð grein fyrir því hvort og hvernig fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting verði metin með tilliti til umhverfisáhrifa á þá þætti sem breytingin kann að varða.

Því hefði verið mikilvægt að í skipulagslýsingu kæmi fram umfjöllun um þá umhverfisþætti, viðmið og matsspurningar sem leggja ætti til grundvallar við gerð tillögunnar, þannig að Náttúruverndarstofnun gæti tekið afstöðu til þeirra á þessu stigi.

Hér að neðan eru ábendingar um helstu umhverfisþætti og viðmið sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar við gerð tillögunnar, miðað við þær forsendur sem fram koma í lýsingunni. Stofnunin áskilur sér jafnframt rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum um þessi atriði á síðari stigum skipulagsferlisins.

Gullfoss

Gullfoss er eitt þekktasta og mikilvægasta náttúruvætti Íslands, og nýtur svæðið um fossinn verndar samkvæmt friðlýsingu frá árinu 1979 (auglýsing nr. 141/1979). Friðlandið, sem nær yfir 164,2 hektara vestan Hvítár, tekur til fossins sjálfs, gljúfursins fyrir neðan hann og

nærumhverfis hans. Gildi friðlandsins er einkum fólgið í stórbrotnu landslagi, einstökum jarðminjum og fjölbreyttu gróðurfari sem mótar ásýnd og verndargildi svæðisins.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um flokkun friðlýstra svæða fellur Gullfoss undir flokk III, sem er ætlaður til verndar einstökum náttúruminum þar sem sérstaða og upplifun eru lykilatriði. Slík vernd gerir ríkar kröfur um að nálæg uppbygging raski hvorki náttúrufari né upplifun gesta af fossinum og gljúfrinu.

Á þessu stigi máls liggur ekki fyrir hverskonar uppbygging sé fyrirhuguð á skipulagssvæðinu, en að mati Náttúruverndarstofnunar getur uppbygging á þessu svæði haft verulega neikvæð áhrif á verndargildi Gullfoss.

Í ljósi þessa er mikilvægt að tillagan fjalli skýrt um möguleg áhrif breytingar á aðalskipulagi á Gullfoss, bæði með tilliti til verndarsjónarmiða og þess hvernig tryggt verði að verndargildi fossins, gljúfursins og nánasta umhverfis haldist óskert. Áhersla þarf að vera á að uppbygging á austurbakka Hvítár rýri ekki ásýnd, jarðminjar, sjónræna upplifun eða þau gæði sem friðlýsingin hefur að markmiði að vernda.¹

Afmörkun

Náttúruverndarstofnun bendir á að afmörkun fyrir náttúruvættið eru sýnd í viðauka II í stjórnunar- og verndaráætlun Gullfoss.²

Náttúruverndarstofnun vill auk þess benda á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Auk þess bendir stofnunin á að fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.³

Stjórnunar- og verndaráætlun Gullfoss

Stjórnunar- og verndaráætlun Gullfoss 2016–2025 setur fram skýra og afdráttarlausu stefnu um að verndun fossins, gljúfursins og nærumhverfis hans skuli ávallt vera í forgrunni. Áætlunin kveður á um að ásýnd, jarðminjar, gróður og öryggi gesta skuli höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og að uppbygging innviða megi ekki skerða þau gæði sem friðlýsingin hefur að markmiði að vernda.

¹ <https://www.nattura.is/svaedin/gullfoss>

² <https://nattura-is.payload.is/api/media/file/Stjornunar-%20og%20verndaraetlun%20Gullfoss.pdf>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Í áætluninni eru jarðminjar, landslag og ásýnd friðlandsins skilgreind sem gæði, og tekið fram að mannvirkjagerð og jarðrask séu aðeins heimil að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og með ströngum takmörkunum. Enn fremur kemur fram að framkvæmdir utan friðlands sem geta haft áhrif á verndargildi þess falli undir 54. gr. laga nr. 60/2013 og skuli metnar með sama alvöru og framkvæmdir innan friðlandsins.

Við gerð tillögunnar verður að meta með skýrum hætti hvort uppbygging á austurbakka Hvítár gangi gegn markmiðum verndaráætlunarinnar. Í fyrirbyggjandi gögnum eru engin slík sjónarmið tekin fyrir, þrátt fyrir að lýsingin geri ráð fyrir uppbyggingu stíga, útsýnispalla og þjónustu á svæði sem er í nánum og beinum samspili við friðlandið.

Uppbygging á austurbakkanum getur haft augljós og veruleg áhrif á þá þætti sem verndaráætlunin áréttar– þ.e. sjónræna heild Gullfoss, ásýnd gljúfursins og óspillta upplifun gesta. Áætlunin leggur ríka áherslu á að innviðir skuli vera lágstemmdir, falla vel að landslagi og ekki rýra verndargildi svæðisins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er óhjákvæmilegt að við gerð tillögunnar sé skýrt tekið mið af stjórnunar- og verndaráætlun Gullfoss.

Náttúruminjaskrá

Í skipulagslýsingu kemur fram að austurbakki Hvítárgljúfurs, þar sem fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til, sé skráður á C-hluta náttúruminjaskrár undir heitinu „Austurbakki Hvítárgljúfurs, Hrunamannahreppi, Árnessýslu“. Svæðið er skilgreint sem um eins kílómetra breið spilda austan gljúfursins, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell, og er verndargildi þess einkum tengt fjölbreyttu og sjónrænt áberandi landslagi ásamt sérstöðu jarðminja í brattri og formríkri gljúfurmyndun.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. tl. ákvæða til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki um þær.

Vistgerðir og fuglalíf

Í skipulagslýsingu er ekki fjallað um þær vistgerðir og það fuglalíf sem fyrirfinnst á svæðinu, en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta möguleg áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á lífríki og vistkerfi. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar virðist hraungambravist vera ríkjandi á skipulagssvæðinu, en einnig koma þar fyrir aðrar vistgerðir, svo sem lyngmóavist á hálendi, sem geta haft misjafnt verndargildi og viðkvæmni fyrir röskun.

Jafnframt er mikilvægt að gera grein fyrir fuglalífi á svæðinu og meta hvort þar séu tegundir sem njóta sérstakrar verndar eða teljast ábyrgðartegundir Íslands. Slíkt mat er grundvöllur

Þess að hægt sé að leggja fullnægjandi mat á áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á búsvæði og lífríki.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.⁴ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁵

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar⁶ og á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Landslag og ásynd

Svæðið austan við Gullfoss er hluti af einstakri landslagsheild þar sem fossinn, gljúfrið og nærumhverfi hans mynda stórbrotið landslag.

Við gerð tillögunnar þarf sérstaklega að greina frá mögulegum sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja, stíga og útsýnispalla, meta áhrif þeirra á heildarmynd gljúfursins og upplifun gesta, m.a. með vísan til 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, og gera grein fyrir hvernig tryggt verði að landslagsgildi og ásynd svæðisins rýrni ekki.

Mótorkross

Náttúruverndarstofnun vill benda á að akstur utan vega hefur um árabil verið stundaður í landi Jaðars, þar sem árleg enduro-keppni á mótorkrosshjólum fer fram. Að mati stofnunarinnar er sú notkun ekki í samræmi við landnotkunarflokkana í gildandi aðalskipulagi og gengur í raun þvert á markmið þess, enda er hluti svæðisins skilgreindur sem skógræktarsvæði.

⁴ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

⁵ [Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar](#)

⁶ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Í aðalskipulagi er svæðið við Jaðar flokkað að mestu sem opið svæði og að hluta til sem skógræktar- og landgræðslusvæði (svæði SL2 í skipulagi). Keppnisleiðin hefur legið í gegnum skógræktarsvæðið og hefur aksturinn valdið þar verulegum umhverfisspjöllum.

Að mati stofnunarinnar væri eðlileg og rétt leið að skilgreina svæðið sérstaklega sem akstursíþróttasvæði, ef vilji er til að halda keppnishaldi áfram. Núverandi skipulag svæðisins samræmist ekki notkun þess sem akstursíþróttasvæði. Að öðrum kosti telur stofnunin að akstur mótorkrosshjóla á svæðinu falli undir akstur utan vega, sem er ólöglegur samkvæmt 31. gr. náttúruverndarlaga. Hægt er að benda á skipulag við Bolöldu í Ölfusi, þar sem akstursíþróttasvæði hefur verið skilgreint ásamt sérstakri braut fyrir enduro-akstur. Sjá einnig reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppnir nr. 507/2007 þar sem fjallað er um sérstök svæði sem viðkomandi sveitarstjórn viðurkennir.

Virðingarfyllst,

Valdimar Kristjánsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur